



# Egilsstaðaskóli

## Áfallaáætlun

Í áfallaáætlun skólans eru upplýsingar um það hvernig eigi að bregðast við slysum og öðrum alvarlegum áföllum sem upp kunna að koma.

Ef áföll koma upp sem tengjast nemendum skólans eða aðstandendum þeirra er áriðandi að það sé tilkynnt skólastjórnendum eins fljótt og auðið er. Skólastjórnendur kalla áfallaráð saman.

### Áfallaráð:

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki áfallaráðs skólans. Nemendaverndarráð er skipað skólastjórnendum, skólalækni og skólahjúkrunarfræðingi auk skólasálfræðings. Áfallaráð kallar til eftirtalda aðila (og aðra) eftir því sem þurfa þykir.

Umsjónarkennara  
Sóknarprest  
Fulltrúa björgunarsveitar  
Rauða krossinn

### Hlutverk áfallaráðs

Í meginatriðum skal hlutverk áfallaráðs vera að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll hafa orðið s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Lykilatriði er að mótuð verði hverju sinni skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við í hverju einstöku tilviki. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.

Áfallaráð skal sjá til þess að kennarar og annað starfsfólk fái stuðning og hjálp.

## I. Viðbrögð við slysum

### a. Minniháttar slys

1. Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn.
  - Stjórn felst í því að sjá til þess að:
    - i. þeim slasaða sé sinnt.
    - ii. kallað sé á hjálp.
    - iii. nærstaddir séu róaðir.
2. Umsjónarkennari/skólastjóri látnir vita og þeir láta síðan forráðamenn viðkomandi nemenda vita.
3. Skólastjórnendur sjá til þess að slysaskráningarblað sé fyllt út.
4. Farið yfir staðreyndir málsins með starfsfólki.
5. Umsjónarkennari ræðir við og vinnur með nemendum ef þurfa þykir.

### b. Alvarleg slys

1. Sá sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn.
  - Stjórn felst í því að sjá til þess að:
    - i. slys sé tilkynnt í 112
    - ii. þeim slasaða sé sinnt.
    - iii. kallað sé á hjálp.
    - iv. nærstaddir séu róaðir.
2. Skólastjórnendur safna staðreyndum um slysið. Verði slys í skólaferð sjá umsjónarmenn ferðarinnar um þann þátt og upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála. Skólastjórnendur kalla til aðstoðarmenn sem kalla til sérfræðinga ef þurfa þykir. Til dæmis sálfræðinga.

Skólastjórnendur eða aðrir aðstoðarmenn tilkynna forráðamönnum viðkomandi nemenda um atburðinn. Fundað með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins.

Skólastjóri / umsjónarkennari hefur samband við tengiforeldra sem láta aðra foreldra í bekknum vita. Aðstoðarmenn ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu. Slysið og málsatvik skráð nákvæmlega. Farið yfir málsatvik til að læra af þegar frá líður.

### c. Hópslys

Ef hópslys á sér stað þar sem nemendur eða starfsfólk Grunnskólans á Egilsstöðum og Eiðum eiga í hlut verður komið á fót fjöldahjálparstöð í skólanum. Þangað geta nemendur og aðstandendur leitað eftir upplýsingum.

## II. Viðbrögð við áföllum

### a. Veikindi

#### *Nemendur*

Ef og þegar upp koma alvarleg veikindi nemenda leitar umsjónarkennari upplýsinga um veikindi hans. Veikindi nemandans eru kynnt fyrir bekknum og þau útskýrð eins vel og kostur er. Umsjónarkennari reynir að koma því til leiðar að tengsl við þann veika slitni ekki. Heimsóknnum komið á ef kostur er.

#### *Forráðamenn nemenda*

Alvarleg veikindi forráðamanna nemenda geta haft áhrif á liðan, hegðun og námsárangur. Í slíkum tilfellum leitar umsjónarkennari upplýsinga og kynnir fyrir bekknum eins vel og kostur er og ástæða þykir til. Nemanda boðinn stuðningur í samráði við heimili og sérfræðipjónustu skólaskrifstofu.

#### *Starfsmenn skóla.*

Ef upp koma alvarleg veikindi starfsmanna skólans leitar skólastjóri upplýsinga og kemur á framfæri við starfsfólk og nemendur eins og ástæða þykir til, í samráði við starfsmann og/eða aðstandendur hans.

### b. Andlát

#### *Vegna andláts nemanda:*

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti.
2. Andlát tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemanda ásamt öðru starfsfólki skóla.
3. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri ásamt sóknarpresti ræðir við bekk viðkomandi nemanda ásamt umsjónarkennara.
4. Skólastjóri / umsjónarkennari lætur aðra foreldra í bekknum vita.
5. Skólastjóri og umsjónarkennari fara heim til nemanda við fyrsta hentuga tækifæri.
6. Bekkurinn aðstoðaður eftir föngum eins lengi og þörf er á.
7. Hugað að nemendum í öðrum bekkjum.

#### *Vegna andláts aðstandenda nemenda:*

1. Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti.
2. Umsjónarkennara tilkynnt um andlát viðkomandi
3. Nemendum og starfsfólki tilkynnt um andlát viðkomandi.
4. Skólastjóri og/eða umsjónarkennari fara heim til nemanda við fyrsta hentuga tækifæri.
5. Endurkoma nemanda í skólann með tilliti til bekkjarins. Undirbúið í samráði við aðstoðarmenn og jafnvel að einhver þeirra ræði við viðkomandi bekk og nemanda.
6. Bekkurinn aðstoðaður eins lengi og þörf er á.

*Vegna andláts starfsmanns:*

1. Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri leitar staðfestingar á andláti.
2. Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri tilkynnir öllu starfsfólki skólans um andlátið.
3. Umsjónarkennarar tilkynna nemendum andlátið.
4. Aðstoðarmenn ræða við umsjónarbekk ef umsjónarkennari hefur fallið frá. Að öðrum kosti er það skólastjórnanda að meta hvort aðstoðarmenn tali við bekki og þá hvaða bekki.
5. Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns við fyrsta hentuga tækifæri.
6. Skólastjóri / umsjónarkennari lætur aðra foreldra í bekknum vita.
7. Bekkurinn aðstoðaður eins lengi og þörf er.

*Vegna andláts maka starfsmanns:*

1. Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri leitar staðfestingar á andláti.
2. Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri tilkynna öllu starfsfólki um andlát viðkomandi.
3. Skólastjóri / umsjónarkennarar tilkynna nemendum um andlát viðkomandi.
4. Skólastjóri fer heim til starfsmanns við fyrsta hentuga tækifæri.

Þegar andlát er annars vegar getur verið nauðsynlegt að leita til aðstoðarfólks utan veggja skólans. Slíkir aðilar gætu verið prestar, sálfræðingar eða aðrir sérmenntaðir einstaklingar sem geta komið aðstandendum til hjálpar þegar válegir atburðir gerast.

### **III. Annað**

Ef um utanaðkomandi áhrif er að ræða s.s. skilnað, slys í umhverfi nemanda, andlát vina eða ættingja eða annað slíkt fylgist umsjónarkennari með hegðun, líðan og/eða námsárangri viðkomandi í kjölfarið. Ef þurfa þykir ræðir hann við nemanda og lætur skólastjórnendur fylgjast með framvindu mála ef þurfa þykir. Skólinn útvegar nemanda þá hjálp sem viðeigandi er. Ef um mikla röskun er að ræða skal umsjónarkennari og/eða skólastjórnandi ræða við bekkinn og láta starfsfólk vita.

Staðfest á starfsmannafundi 10. febrúar 2013.